

**4. fundur Skipulagsnefnd haldinn Strandgötu 38, fimmtudaginn 27. október
2022
og hófst hann kl. 16:00.**

Fundinn sátu:

Lilja Magnúsdóttir (LM), Kristinn Hilmar Marinósson (KHM) var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Bára Mjöll Ragnheiðardóttir (BMR), Ingibjörg Jóna Nóadóttir (IJN) var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Hjalti Þór Heiðarsson (HÞH), Óskar Örn Gunnarsson (ÓÖG), Jóhann Birkir Helgason (JBH) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓPÓ).

Fundargerð ritaði: Lilja Magnúsdóttir, Formaður

Dagskrá:

1. Vatnslögn frá Tunguvirkjun inn á Hvítalæk - 2106247

Tekin fyrir umsókn Tungusilungs um vatnslögn frá Tunguvirkjun inn á Hvítalæk. Með umsókninni fylgir hnitsettur uppdráttur er sýnir legu lagnarinnar. Skipulagsnefnd hefur farið yfir umsóknina og telur að framkvæmdin sé óveruleg skv. 5.gr reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 og sé undanskilin framkvæmdaleyfi. Framkvæmdina skal vinna í samráði við byggingarfulltrúa. Skipulagsnefnd samþykkir erindið fyrir sitt leyti og vísar áfram til atvinnu- og hafnarnefndar.
Samþykkt

2. Fjárhagsáætlun 2023-2026 - 2208067

Fjárhagsáætlun samþykkt.
Samþykkt

3. Breyting á aðal- og deiliskipulagi á Gileyri - 2210466

Lögð fram fyrirspurn frá Jóni Grétari Magnússyni f.h. Arnarlax, dagsett 25. október 2022. Í fyrirspurninni er óskað eftir að gerðar verði breytingar á gildandi deiliskipulagi eldisstöðvar á Gileyri og á Aðalskipulagi Tálknafjarðar 2006-2018 þar sem til stendur að auka framleiðslugetu stöðvarinnar úr 200 tonnum í 1000 tonn á ári sem er ekki í samræmi við gildandi deiliskipulag og Aðalskipulag Tálknafjarðar 2006-2018.

Skipulagsnefnd tekur jákvætt í erindið og leggur til við sveitarstjórn að farið verði af stað með breytingar á deiliskipulagi eldisstöðvar við Gileyri og í breytingu á Aðalskipulagi Tálknafjarðar 2006-2018.

Samþykkt

4. Lóð stærð lóðar við Dunhaga - 1905085

Afgreiðslu erindisins frestað og vísað í yfirstandandi vinnu við endurskoðun aðalskipulags Tálknafjarðar og deiliskipulags fyrir skóla- og íþróttasvæði.

4. fundur
14.11.2022

Frestað

5. Deiliskipulagsbreyting Tungusilungur - 2210475

Tekin fyrir tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Tungusilung, dagsett 18. október 2022. Breytingin fjallar um breytta aðkomu að athafnasvæði Tungusilungs, breytt skipulagsmörk og ný vatnslögn.

Skipulagsnefnd leggur til að tillagan verði samþykkt og afgreidd skv l.mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Málinu vísað áfram til atvinnu- og hafnarnefndar.

Samþykkt

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:15.

Lilja Magnúsdóttir (LM)

Bára Mjöll Ragnheiðardóttir (BMR)

Hjalti Þór Heiðarsson (HÞH)

Óskar Örn Gunnarsson (ÓÖG)

Jóhann Birkir Helgason (JBH)

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)